

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2026, þriðjudaginn 9. júní kl. 13:10 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1260. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal, Silvá Kjærnested og Böðvar Páll Jónsson. Fundarritari var Auður Eygló Andrésdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurbakki 2 - USK26060036

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu þannig að gerð er grein fyrir spennastöð sem verður hluti af mhl. 02 sem er bílakjallari við Hörpu á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Stærð: 429,2 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir útgáfu vottorðs um lokaúttekt.

2. Austurstræti 5 - USK25120341

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar skráningartöflu fyrir hús á lóð nr. 5 við Austurstræti.

Erindi fylgja ósamþykkt skýrsla um húsaskoðun dags. 14. apríl 2026, samþykktar teikningar vegna útreiknings skráningartöflu og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

3. Bjarmaland 16 - USK25100361

Sótt er um leyfi til þess að sameina í einn matshluta bílskúr, mhl.05 og íbúðarhús, mhl.04, og fyrir áður gerðum kjallara, stigahúsi við austurgafli, stiga og þakrymi í einbýlishúsi við Bjarmaland 16, mhl.04 á lóð nr. 10-16 við Bjarmaland.

Stækkun: 280.8 ferm., 984.9 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. febrúar 2026, skýrsla um húsaskoðun dags. 17. desember 2025, bréf byggingarfulltrúa vegna erindis USK25090231 dags. 10. október 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 16. apríl 2019.

Frestað.

Beðið gildistöku deiliskipulagsbreytingar.

4. Bjóla 1 - USK25010160

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að íbúðarhús hefur verið gert upp, einangrað og klætt að utan með báruklæðningu og byggð hefur verið geymsla við suðausturhlíð einbýlishúss á lóðinni Bjóla 1 á Kjalarnesi.

Stækkun 28.7 ferm., 87.5 rúmm.

Erindi fylgir uppfærð umsögn Minjastofnunar dags. 8. maí 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 18. mars 2025 og ljósmynd af lóðauppdrætti 32.465.2 dags. 15. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bjóla 2 - USK25010161

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að hlaða hefur verið gerð upp, einangruð og klædd að utan með báruklæðningu og notkun breytt í vinnustofu auk þess sem byggð hefur verið geymsla við suðausturhlíð húss á lóðinni Bjóla 2 á Kjalarnesi.

Stækkun: 60.7 ferm., 85.3 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 1 - USK26050149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25060187 þannig að innra skipulagi í kjallara er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir hótél á lóð nr. 1 við Borgartún.

Erindi fylgir skýrsla Öruggh ehf. um brunahönnun útgáfa V05 dags. 27. apríl 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 12. ágúst 2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 25 – breytingaerindi - USK26050364

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25070254 með því að breyta innra skipulagi og brunavörnum á 3. og 7. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 25 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Depluhólar 2 - USK26050360

Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu í bílageymslu og byggja 1,8 metra háan steypant vegg á lóðarmörk á lóð nr. 2 við Depluhóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags 26. september 1974.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Einarsnes 42 - USK25110396

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem geymsla á baklóð, mhl. 03, hefur verið innréttuð sem aukaíbúð í eigu íbúðar 0101 í mhl. 01 á lóð nr. 42 við Einarsnes.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, útskýringar hönnuðar dags. 11. febrúar 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2026 og samþykki meðlóðarhafa dags. 16. apríl 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Elliðavatnsblettur 10 - USK26050463

Sótt er um leyfi til að rífa sumarhús, mhl. 01, á lóð nr. 10 við Elliðavatnsblett.

Niðurrif fasteignanr. F2057662, merkt sumarbústaður, 40 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

11. Elliðavatnsblettur 12 - USK26050467

Sótt er um heimild til að rífa bílskúr á lóð nr. 12 við Elliðavatnsblett.

Stærð: xx.x ferm., xx.x rúmm

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

12. Elliðavatsnsblettur 18 - USK26050464

Sótt er um heimild til að rífa sumarhús, mhl. 01, á lóð nr. 18 við Elliðavatsnsblett.

Stærð: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Fasteignanr. F2057648

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Elliðavatsnsblettur 19 - USK26050465

Sótt er um heimild til að rífa geymslu, mhl. 01 á lóð nr. 19 við Elliðavatsnsblett.

Stærð: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Fasteignanr. F2057646.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Elliðavatsnsblettur 26 - USK26050466

Sótt er um leyfi til að rífa sumarbústað, mhl. 01 á lóð nr. 26 við Elliðavatsnsblett.

Niðurrif: Fasteignanr. F2057633, merkt sumarbústaður, 30 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

15. Elliðavatsnsblettur 6 - USK26050462

Sótt er um leyfi til að rífa sumarbústað, mhl. 01 á lóð nr. 6 við Elliðavatsnsblett.

Niðurrif: Fasteignanr. F2057666, merkt sumarbústaður, 40 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

16. Eyjarslóð 9 - USK26010076

Sótt er um leyfi til að skipta rými 0102 sem er verkstæði, í tvær eignir, koma fyrir iðnaðarhurð á suðurhlið og innrétta geymslur á 1. hæð í mhl. 01 á lóð nr. 9 við Eyjarslóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda í mhl. 01.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

17. Fossaleytnir 17 – breytingaerindi - USK26060112

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26020291, að innra skipulagi og brunahólfun er breytt vistheimili á lóð nr.17 við Fossaleytni.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dag. 4. júní 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Frakkastígur 20 - Breyting í kjallara - USK26030239

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að því fjarlægja burðarvegg og setja þess í stað stálbita í loft kjallara í íbúðarhúsi á lóð nr. 20 við Frakkastíg.

Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 28. janúar 2026, greinagerð burðarþolshönnuðar og yfirlit breytinga dags. 17. ágúst 2004.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

19. Fákafen 9 – breytingaerindi - USK26050186

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26010404 þannig að innra skipulagi er breytt í rými 0204, kírópraktorsstofu á 2. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 9 við Faxafen.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum og tölvupóstur frá Geislavörnum ríkisins dags. 11. maí 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

20. Fálkagata 2 – breytingaerindi - USK26020319

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050293 þannig að grunnmynd kjallara er bætt við og innra skipulagi breytt í íbúð 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 2 við Fálkagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Lagfæra skráningu.

21. Gagnvegur 2 - USK26050076

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu bakarí, veitingastað í flokki II tegund e, með sæti fyrir 14 manns í söluskála og bensínafgreiðslustöð N1, mhl.01, á lóð nr. 2 við Gagnveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

22. Geirsgata 9 - USK26010342

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastað í fl. II, teg. a fyrir 96 gesti á 1. hæð og í kjallara húss á lóð nr. 9 við Geirsgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

23. Gerðarbrunnur 44 - USK25120148

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037350 þannig að gerð er aukaíbúð á 1. hæð, stigi uppá 2. hæð og þriðja bílastæðinu bætt við framan við einbýlishús á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki lóðarhafa Gerðarbrunn 46 dags. 18. mars 2025 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Jafnframt eru erindi BN055374 og USK25020299 dregið til baka.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

24. Gnoðarvogur 64 - Stækkað hurðarop - USK26060076

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að stækka op í burðarvegg í íbúð 0201 í húsi á lóð nr. 64 við Gnoðavog.

Erindi fylgir umsögn burðarþolshönnuðar dags. 2. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 27. janúar 2009.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Grensásvegur 10 - USK26020197

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta verslun í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi nr. 10, sem er mhl. 06, á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Grensásvegur 1C - USK26050312

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og nýta 14 íbúðir sem hótélíbúðir í flokki IV í fjölbýlis- og verslunarhúsi við Grensásveg 1C, mhl.04, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir afrit af samþykktri aðalteikningu.

Frestað.

Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagi.

27. Grensásvegur 50 - USK26050314

Sótt er um leyfi til að innrétta hárgreiðslustofu í rými x mhl. x á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. október 1994.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hafnarstræti 7 - USK26050365

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 7 við Hafnarstræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Hagatorg 1 - USK26040333

Sótt um leyfi til að sameina undir eitt málsnúmer stofnerindi BN061414, USK23060270, USK23100364, USK24020129, USK24060326, USK24090120, USK24100247, USK25010125 og USK25050362 auk breytingarerinda vegna lokaúttektar á hótél-veitinga- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 1 við Hagatorg.

Erindi fylgir skýrsla Örugg um brunavarnir útg, V15, dags. 11. desember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Hjallavegur 30 - USK26050396

Sótt er um leyfi til að stækka með viðbyggingu til vesturs íbúð 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 30 við Hjallaveg.

Stækkun: 23.4 ferm., 81.9 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Hlaðbær 17 - USK25100382

Sótt er um leyfi fyrir tveimur færanlegum kennslustofum auk tengibyggingar mhl. 02, 03 og 04 í notkunarflokk 5 sem mun hýsa 24 börn og 5 starfsmenn á lóð nr. 17 við Hlaðbæ.

Málið var áður á dagskrá 1234. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa, 2. desember 2025 þar sem það var samþykkt. Með úrskurði nr. 59/2026 felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála samþykkið úr gildi og er málið því tekið fyrir að nýju eftir yfirferð innkominn athugasemda aðliggjandi lóðarhafa og yfirferð yfir þær.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. í nóvember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

32. Holtavegur 10 - USK26050339

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN06119 með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt og brunavarnir uppfærðar í verslunar- og vöruhúsi, mhl.01, á lóð lóð nr. 10 við Holtaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Hraunbær 102 - USK26050359

Sótt er um að breyta innra skipulagi og innréttu veitingastað í flokki II, í stað bensínstöðvar, mhl. 03, verslunarhúsi á lóð nr. 102 við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Hringbraut 118 - USK25050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýma 0102, 0103 og 0104 í fjölbýlishúsi við Hringbraut 118, á lóð 79. við Sólvallagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Hverafold 1-3 – breytingaerindi - USK26060035

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24120098 þannig að innra skipulagi og brunavörnum er breytt í rými 0103 í verslunar- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Hverafold 37 - USK25110166

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að útgrafin rými á 1. hæð hafa verið tekin í notkun og til að breyta innra skipulagi, færa eldhús og gera nýja útganga úr baðherbergjum í einbýlishúsi á lóð nr. 37 við Hverafold.

Áður gerð stækkun: 73,7 ferm.

Eftir stækkun: 310,7 ferm., 1.010,7 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026.

Frestað. Lagfæra skráningu.

Deiliskipulagsbreytingu ólokið

37. Hátún 10 - USK26030033

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að fjölda íbúða, stærðum og innra skipulagi hefur verið breytt í fjölbýlishúsum nr. 10, mhl.01, nr. 10A, mhl.02, og nr.10B, mhl.09, á lóð nr. 10 við Hátún.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Örugg dags. 19. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum

Skoðunarskýrsla fylgir

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Kringlan 1 - USK26020321

Sótt er um leyfi til að byggja bílakjallara á tveimur hæðum, K1 og K2, með 154 stæðum og kemur til með að þjóna átta 4-9 hæða fjölbýlishúsum með 151 íbúð á reit A, á lóð nr. 1 við Kringluna.

Erindi fylgir innmæling á lóð dags. 1. desember 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 27. febrúar 2026, greinargerðir hönnuða um aðgengi, einangrun og öryggismál ódagsettar, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 17. febrúar 2026, greinargerð hönnuða um aðkomu neyðar- og sorpbíla dags. 8. júní 2026 og minnisblað umsækjanda dags. 5. júní 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Sérstakt samráð skal haft við byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

39. Kænuvogur 57 - USK25120080

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, notkun og eignarhaldi á eign 0201 í íbúðar- og atvinnuhúsi nr. 57 við Kænuvog.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélags dags. 29. janúar 2026, bréf hönnuðar dags. 20. apríl 2026 og bréf formanns húsfélags dags. 30. mars 2026.

Synjað

Þar sem samþykki meðlóðarhafa liggur ekki fyrir

40. Lækjargata 1 - USK26050308

Sótt er um leyfi til að byggja skrifstofuhús á tveim hæðum auk kjallara, mhl. 02, á lóð nr. 1 við Lækjargötu

Stærð: 1.685.1 ferm., 6.692.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnunar dags: 18. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Lækjargata 1 - USK26050309

Sótt er um leyfi til breyta innra skipulagi og rífa anddyri á austurhlið Stjórnarráðs Íslands, skrifstofuhúss, mhl.01, á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Minnkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir skýrsla Örugg ehf um brunahönnun útgáfa V01 dags.18. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Lækjargata 4 - USK26050049

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta framleiðslueldhús í kjallara og veitingastað í fl. II, teg. ? í rými 0101 á 1. hæð, jafnframt því að komið verður fyrir afgreiðslulúgu á bakhlið húss á lóð nr. 4 við Lækjargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Malarhöfði 2 - USK25100142

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum byggðum á erindi BN048604, samþykktu 22. desember 2014 í rými 0201 verslunar- og skrifstofuhúsi við Malarhöfða 2, mhl.02, á lóð nr. 2-2A við Malarhöfða.

Erindi fylgir ódagsett samþykki og samkomulag eigenda rýma 0201 og 0202, skýrsla um húsaskoðun dags. 19. janúar 2026, breytt erindislýsing dags. 5. janúar 2026, og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 22. desember 2014.

Frestað. Lagfæra skráningu.

44. Njálsgata 73 - USK26010122

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings sem felast í að byggðir hafa verið kvistir á ris og gerðar þaksvalir á fjölbýlishús á lóð nr. 73 við Njálsgötu.

Stækkun: 1,6 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 28. apríl 2026, bréf hönnuðar dags. 5. maí 2026 og samþykki meðeigenda dags. 19. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Norðlingabraut 12 - USK26050285

Sótt er um leyfi til að stækka til vesturs ípróttahús á lóð nr. 12 við Norðlingabraut.

Stækkun: 562.0 ferm., 3.142.4 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnunar dags: 13. maí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Norðurbrún 22 – breytingaerindi - USK26040459

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060038 vegna lokaúttektar þannig að bætt hefur verið við glugga á vesturhlið sólskála parhúss nr. 22, mhl.02, á lóð nr. 20-22 við Norðurbrún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Ránargata 16 - USK26030276

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN029148 vegna lokaúttektar þannig að gerðar hafa verið breytingar á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 16 við Ránargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Sigtún 39 – breytingaerindi - USK26020433

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090090 með því að breyta útliti og innra skipulagi í húsi á lóð nr. 39 við Sigtún.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing verði gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir útgáfu vottorðs um lokaúttekt.

49. Skarfabakki (án lóðar) - Tjald á Skarfabakka - USK26020154

Sótt er um stöðuleyfi fyrir tjaldi (20x52 m) til eins árs auk salernisaðstöðu sem ætlað er til að þjóna farþegum skemmtiferðaskipa og er staðsett án lóðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Skeifan 11C – breytingaerindi - USK26040255

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25090130 þannig að innra skipulagi skyndibitastaðar, veitingastað í flokki I tegund c fyrir mest 20 gesti er breytt í rými 0102 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi við Skeifuna 11c, mhl.03, á lóð nr. 11 við Skeifuna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Skipholt 19 – breytingaerindi - USK26020072

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110167 þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaður er veitingastaður í flokki II tegund ? fyrir allt að 80 gesti í rými 0101 í sambýlis- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 19 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

52. Skógarhlíð 12 - USK26050340

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í norðurhluta 5. hæðar, rými X í skrifstofuhúsi á lóð nr. 12 við Skógarhlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

53. Sogavegur 206 - USK25110164

Sótt er um leyfi til þess að endurnýja þak, bæta við tveimur kvistum á suðurþekju, stækka núverandi kvist og bæta við nýjum á norðurþekju og breyta innra skipulagi rishæðar einbýlishúss á lóð nr. 206 við Sogaveg.

Stækkun; 7.6 ferm., 7.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 5. maí 2026, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 29. apríl 1954.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

54. Staðarbakki 26 - USK26040399

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir efri hæðar og nýja útihurð á austurhlíð neðri hæðar raðhúss á lóð nr. 26 við Staðarbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Stefnisvogur 1 – breytingaerindi - USK26030118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070158, með síðari breytingum, þannig að svalagangar húsa 1 og 2 eru glerjaðir, bílakjallara er komið fyrir undir húsum 3 og 4 og íbúðum fjölgað um 6 í hvoru húsi auk þess sem breytingar hafa orðið á útliti og stærð húsa 3 og 4, auk þess sem brunavarnir, rýmismúmer, stærðir og skráningartafla hafa verið uppfærð fyrir fjölbýlishús á 1- 4 á lóð nr. 1 við Stefnisvog.

Heildarstærð eftir stækkun: 10.995 ferm., 31.620.5 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. maí 2027, greinagerð Cowi verkfræðistofu um hljóðvist útgáfa 2.0 dags. 28. janúar 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Stjörnugróf 9 - USK26020186

Sótt er um leyfi til að breyta að reisa gróðurhús ásamt pökkunaraðstöðu og starfsmannarýmum, mhl.0?, á lóð nr. 9 við Stjörnugróf.

Stærð: 521.8 ferm., 2.444.4 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 12. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Sóleyjargata 23 - USK26050311

Sótt er um leyfi til að koma fyrir þakgluggum á þak yfir óupphituðu geymslurisi íbúðarhúss á lóð nr. 23 við Sóleyjargötu.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 12. maí 2026 og yfirlit breytinga dags. 12. desember 1935.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

58. Torfufell 23 - USK26050338

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fjarskiptabúnaði á norðurgafli fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Torfufell.

Hæð súlu 4 metrar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

59. Vagnhöfði 5 - USK26050315

Sótt er um leyfi til að bæta brunavarnir og flóttaleiðir, breyta innra skipulagi og útliti iðnaðar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 5 við Vagnhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum

Frestað. Vísað til athugasemda.

60. Valshlíð 14 - USK25090280

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála á þakverönd íbúðar 0415 við Valshlíð 14, mhl.01, á lóð nr. 2 við Arnarhlíð.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar húsfélagsins Arnarhlíð 2 dags. 16. apríl 2026, samþykki stjórnar húsfélags dags. 3. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

61. Vatnagarðar 40 - USK26050046

Sótt er um leyfi fyrir LED skilti á vesturgafli bílapvottastöðvar, mhl.01, á lóð nr. 40 við Vatnagarða.

Stærð skiltis: 5.76 x 1.92 m og 11. 3 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

62. Vesturgata 3 - USK26050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og á fyrstu hæð og innréttu veitingastað í flokki II, tegund ? fyrir ? gesti í rými 0101 í veitinga- og íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fundi slitið kl. 14:55

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir

Sigrún Reynisdóttir

Dagný Geirdal

Silva Kjærnested

Böðvar Páll Jónsson

Auður Eygló Andrésdóttir.